

Ed.

158. Framvarp

til laga um skráning skipa.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason, Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Eigi má skip skrá á landi hér og óheimilt er skipi að hafa íslenzkan fána, nema fullnægt sé skilyrðum þeim, er hér segir:

1. Ef einstakur maður á skip, þá skal hann eiga ríkisfang á Íslandi og hafa átt heimilisfang á Íslandi að minnsta kosti samfleytt síðasta árið, eða hafa átt heimilisfang á Íslandi að minnsta kosti 5 síðustu árin.
2. Ef skip er eign félags, þar sem félagi hver ber fulla ábyrgð á skuldum þess, þá skulu $\frac{2}{3}$ félaga fullnægja skilyrðum 1. tölul. um heimilisfang og ríkisfang.
3. Ef skip er eign félags, þar sem sumir félagar bera fulla ábyrgð á skuldum félagsins, þá skulu þeir fullnægja skilyrðum 2. tölul., en þar að auki skal félagið eiga heimilisfang og varnarþing hér á landi, enda eigi hver af stjórnendum félagsins hluti í félaginu og fullnægi einnig skilyrðum 1. tölul. um heimilisfang og ríkisfang.
4. Ef skip er eign félags með takmarkaðri ábyrgð, eða stofnunar, þá skal félag eða stofnun eiga heimilisfang og varnarþing á Íslandi, enda fullnægi stjórnendur skilyrðum 1. tölul. um heimilisfang og ríkisfang, og ef félag er, þá skulu þeir einnig eiga hver hlut í því.

Skip þau, er lögum samkvæmt hafa verið tekin á skrá yfir íslenzk skip áður en lög þessi koma til framkvæmdar, skulu þó hafa rétt til að standa á skrá og nota íslenzkan fána, þótt ekki sé fullnægt skilyrðum þessarar greinar um heimilisfang eigenda eða stjórnenda.

2. gr.

Bannað er íslenzkum skipum að hafa annan fána en þjóðfána Íslands, svo sem hann er ákveðinn í konungsráskurði nr. 41, 30. nóv. 1918, sbr. konungsráskurð nr. 1, 12. febr. 1919.

3. gr.

Fjármálaráðuneytið hefir yfirumsjón með mælingu skipa og skrásetningu. Heimilt er ráðuneytinu að fela skipaskoðunarstjóra ríkisins að framkvæma öll þau daglegu störf, sem að endurskoðun, mælingu skipa og skrásetningu þeirra lýtur. Skal í því skyni sett á stofn sérstök deild við skipaskoðunarstofuna, sem nefnist skráningarstofa ríkisins.

Skipaskoðunarstjóra skal heimilt að taka nauðsynlega aðstoð í þessu skyni, og greiðist kostnaður við hana úr ríkissjóði af skrifstofufé skipaskoðunarinnar.

4. gr.

Lögsagnarumdæmi hvert á landi hér er skipaskráningarumdæmi, en lög-reglustjórar hafa skráningu á hendi. Fjármálaráðuneytið löggildir skipaskrár í umdæmi hverju. Skulu þær vera þrjár:

1. Skrá yfir opna báta, sem eru skoðunarskyldir. Þó skal einnig færa á skrá þá báta, sem stunda fiskveiðar að staðaldri, þó minni séu en um getur í 5. gr. l. nr. 58 frá 14. júní 1929.
2. Skrá yfir öll skip og báta með þilfari allt að 30 rúmlestum brúttó.
3. Skrá yfir önnur skip yfir 30 rúmlestir brúttó. Halda skal skrásetningarstofa ríkisins aðalskrá ásamt efnisskrá yfir öll skip, sem skráð eru hér á landi samkvæmt lögum þessum, en úrskurðarvald um mælingu skipa og skráningu er hjá fjármálaráðuneytinu.

5. gr.

Umdæmaskrár skulu greina um hvert skip í dálki sér:

1. Skráningarstafi skips, nafn þess, heimilisfang þess og smiðastöð.
2. Hverskonar skip það sé, lögun þess og aðalmál (lengd, dýpt og breidd).
3. Smálestatal skips og með hvaða aðferð það sé reiknað.
4. Nafn, stöðu og heimildarbréf eiganda þess. Nú eru eigendur skráðir fleiri en einn, og skal þá greina, hversu hver þeirra eigi í skipi. Ef skip er eign hlutafélags eða stofnunar, þá skal bóka nafn þess eða hennar og heimilisfang stjórnenda og nafn útgerðarstjóra.
5. Skráningarár og skráningardag.

6. gr.

Lögreglustjóri skráir hvert skip í sína skrá (sbr. 4. gr.) í áframhaldandi töluröð (1, 2, 3 o. s. frv.), eftir því hvenær skrásetningar er beiðst. Þó skal skráningarstofnuninni heimilt að veita lögreglustjórum leyfi til að gefa nýskráðu skipi umdæmistölu skips, sem strikað hefir verið út.

Skip yfir 30 smálestir skal skrá þar í lögsagnarumdæmi, er eigandi vill hafa heimilisfang þess, en smærri skip þar, er eigandi á heima. Nú eru þeir fleiri en einn (2. og 3. tölul. 1. gr.) og eiga ekki allir heima í sama lögsagnarumdæmi, og skal þá skrá skip á heimilisfangi þess, er þeir kjósa til þess.

7. gr.

Nú vill aðili láta skrá skip sitt, og skal hann þá senda lögreglustjóra, þar sem skipi er ætlað heimilisfang, skriflega beiðni um það. Ef skip er þar ekki, þá skal senda beiðni til lögreglustjóra þar, sem skipið er.

Þessi skilríki skulu fylgja skráningarbeiðni:

1. Skipasmíðaskírteini, ásamt heimildarbréfi eiganda eða eigenda, ef eigendaskipti hafa orðið að skipi síðan það var smíðað. Vera skulu skjöl þess í frumriti og eftirriti, og skal geyma eftirrit í skjalasafni lögreglustjóra.
2. Skýrsla aðila um önnur þau atriði, er með þarf, svo að skip megi skrásetja (sbr. 5. gr.).

3. Yfirlýsing eiganda eða eigenda (2. og 3. tölul. 1. gr.), að viðlögðum drengskap, um það, að hann eða þeir sé í raun rétttri eigandi eða eigendur skipsins, en ekki aðeins í orði kveðnu, og ef eigandi er félag eða stofnun (4. tölul. 1. gr.), þá skal fylgja samskonar yfirlýsing stjórnenda allra um það, að fullnægt sé skilyrðum þeim, er í 4. tölulíð 1. gr. segir. Eanfreður skal fylgja drengskaparheit um það, að þjóðernis- og skráningar skirteini skipsins skuli ekki verða notað til þess að útvega öðru skipi réttindi skipa, skrásettra hér á landi, né sama skipi, ef það kemst í eign þess eða þeirra, sem ekki mega láta skrá skip sín hér. Yfirlýsingar þessar skal annaðhvort undirrita í viðurvist lögreglustjóra þess, er skráningu annast, eða notarii publici.

Fjármálaráðuneytinu eða skráningarstofnunni í umboði þess er heimilt að undanþiggja menn framlagningu þeirra skirteina, er hér segir, ef öflun þeirra er sérstökum örðugleikum bundin, enda sé réttur aðila til að láta skrá skip sitt vafalaus og nauðsynlegar upplýsingar til þess að skráning megi fara fram með öðrum hætti fengnar.

Nú þykir lögreglustjóra grunur leika á því, að aðili fullnægi í raun rétttri ekki skilyrðum laga þessara til að láta skrá hér skip sitt, eða hann eigi í raun rétttri ekki skip það, er hann vill láta skrá sem sína eign, og ber lögreglustjóra þá að láta fram fara rannsókn að hætti opinberra mála um öll þau atriði, er máli kunna að skipta.

8. gr.

Nú telur lögreglustjóri eftir atvikum, að undangenginni rannsókn samkv. 7. gr., aðila tvímælalaust fullnægja öllum lögmæltum skilyrðum, og skal hann þá skrásetja skipið. Annarskostar sendir lögreglustjóri skráningarstofnunni skjöl þau, er í 7. gr. segir, ásamt rannsókn sinni og greinargerð um málið. Skráningarstofnan skal þá gera tillögur um málið og senda þær síðan fjármálaráðuneytinu ásamt rannsókn lögreglustjóra, greinargerð og öðrum skjölum. Leggur síðan ráðuneytið fyrir lögreglustjóra að skrá skipið, rannsaka málið betur eða neita skilmálalaust um skráningu. Nú býður ráðuneytið rækilegri rannsókn, og skal lögreglustjóri þá senda skráningarstofnunni skjölin að nýju, þegar rannsókn er lokið, enda skal þá svo með fara sem fyrr segir.

9. gr.

Nú skrásetur lögreglustjóri skip, og skal hann þá jafnskjótt sem þess er kostur senda skráningarstofnunni öll þau skilríki, sem honum hafa í hendur komið samkvæmt 7. og 8. gr., mælingu skips og aðra fræðslu um það, er hann má í té láta og máli skiptir. Skal skráningarstofnan athuga mælinguna og rannsaka skilríki þau, sem senda hafa verið. Ef þörf þykir, getur skráningarstofnan látið nýja mælingu fara fram. Skráningarstofnan getur og krafizt nýrra og frekari upplýsinga um atriði, sem óljós þykja. Ef skráningarstofnan telur skip ranglega skráð, þá tilkynnir hún það ráðuneytinu skriflega, sem þá getur fyrirskipað rannsókn samkvæmt 7. gr. Að því búnu sker ráðuneytið úr því, svo sem í 8. gr. er mælt, hvort skráning skuli standa eða skip aftur strikað af skrá.

10. gr.

Nú vill aðili ekki una við úrskurð fjármálaráðuneytisins samkvæmt 8. og 9. gr., og getur hann þá lagt málið undir úrlausn dómstólanna. Fer það mál að hætti opinberra lögreglumála, bæði í héraði og í æðra dómi, en leysa skal með dómi úr því, hvort skrá skuli skip aðila eða ekki.

11. gr.

Nú telur skráningarstofan skip réttilega skráð, og tekur hún þá skipið á aðalskipaskrá. Ef skipið er yfir 30 smálestir brúttó, þá gefur ráðuneytið út þjóðernis- og skráningarskirteini handa skipinu í því formi, er ráðuneytið ákveður. En ef skip er minna, þá gefur skráningarstofan út mælingarbréf því til lianda, nema sigla eigi því til annara landa; fær það þá þjóðernisskirteini auk mælingarbréfsins, sem ráðuneytið gefur út.

Rita skal mælingaskirteini skips og allt það, er greina skal í skipaskrá samkvæmt 5. gr., á þjóðernisskirteini. Skirteini skal síðan, ásamt fylgiskjölum, þegar senda lögreglustjóra, og bókar hann það, er með þarf, í skipaskrá, leiðréttir smálestatal skips, ef þess gerist þörf, og ritar nafn skipstjóra, ásamt greinargerð um heimild hans til þeirrar atvinnu, á þjóðernisskirteini og fær aðila það síðan í liendur.

Nú er skip, þegar á að skrá það, ekki í undæmi, þar sem því er ætlað heimilisfang (sbr. 1. málgr. 7. gr.), og skal þá lögreglustjóri, er látið hefir af hendi þjóðernis- og skráningarskirteini, senda skjöl þau öll, er skráningu skipsins varða, til lögreglustjóra á heimilisfangi þess, og skal hann síðan skrásetja skipið.

12. gr.

Á hvert skrásett skip skal marka nettó smálestatal þess og skráningarstafi þess á þiljubítann við aðalstaropið að aftan, ef það má verða, en ella annarsstaðar, þar sem því verður við komið og vel fer á því. Þegar merki þess er með öllu máð af, þá verður skip ekki lengur viðurkennt skrásett íslenskt skip.

Stöfum þeim, er skip fær á aðalskrá, má ekki breyta, meðan skráning stendur óhöguð. Eru þeir skráningarstafir skips, enda skal marka þá á það.

Setja skal nafn skips og heimili aftan á skip, þar sem vel ber á því, með greinilegu latnesku letri, ljósleitu með dökkum undirlit, eða dökku letri með ljósleitum undirlit. Ef nafn skips eru tvö orð eða fleiri, þá skal ávallt vera að minnsta kosti eins bókstafsbil milli orðanna.

Ef skip siglir til annara landa, þá skal setja nafn þess þar að auk með sama hætti á báðar skipshliðar, enda skal, svo fljótt sem unnt er, marka bæði að framan og aftan á skip, hversu djúpt það ristir, öðrumegin í desímetrum en hinumegin í enskum fetum.

Bannað er að leyna nafni skips eða heimili eða nema brott, nema það sé gert til að forða því undan hættu í ófriði. Ekki má heldur nefna skip öðru nafni en það er skráð undir. Og eigi má breyta nafni á skrásettu skipi, nema eigenda-

skipti verði, enda samþykki skráningarstofan breytinguna og óbreyttir haldist skráningarstafir skipsins.

13. gr.

Nú er skip byggt erlendis fyrir aðila, er hér má láta skrá skip sitt, eða hann verður með öðrum hætti eigandi að skipi erlendis, og má þá ekki skrá það á Íslandi, fyrr en það er komið í íslenzkt skráningarumdæmi.

Þó skal viðskiptafulltrúum Íslands skylt, þegar svo er ástatt, að gefa út þjóðernisskirteini til bráðabirgða, enda hafi þeir í hendur fengið skilríki þau, er í 7. gr. getur, og skal það gilda sem venjulegt þjóðernisskirteini, þó ekki lengur en þar til skipið kemur í fyrsta sinn í íslenzka höfn, enda sé skirteini skilað lög-reglustjóra í því umdæmi, og aldrei lengur en tvö ár, nema samþykki fjármála-ráðuneytisins komi til.

Nú þykir viðskiptafulltrúa grunur leika á því, að aðili fullnægi í raun réttir ekki skilyrðum laga þessara til að láta skrá skip sitt á Íslandi, eða að hann eigi í raun réttir ekki skip það, er hann vill láta skrá sem sína eign, og ber honum þá að neita að gefa út þjóðernisskirteini til bráðabirgða, þar til fjármálaráðuneytið, eftir undangengna rannsókn, hefir skorið úr málinu.

Jafnskjótt sem viðskiptafulltrúi gefur út þjóðernisskirteini, sendir hann skráningarstofunni eftirrit af því, sömuleiðis staðfest eftirrit af sönnunargögnum þeim, sem sá, er skráningarinnar beiðist, á að afhenda honum samkvæmt 6. gr. Skráningarstofunni ber að rannsaka skjöl þessi og krefja útgerðarstjóra skipsins um að skila aftur bráðabirgðapjóðernisskirteininu, ef það reynist að vera ólög-lega útgefið.

Í þjóðernisskirteini til bráðabirgða skal greina:

1. Nafn skips og hverskonar skip það sé.
2. Hvar og hvenær skip sé byggt eða keypt, og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt kaupbréfi eða öðru heimildarskjali.
3. Nafn skipstjóra.
4. Svo nákvæmar upplýsingar sem fá má um smálestatil skips, lögun þess og lýsing.
5. Hversu lengi skirteinið skuli gilda.

Nú er skip, sem skrásett er á Íslandi, smíðað upp erlendis, og er skipstjóra þá rétt að krefjast þess af næsta viðskiptafulltrúa Íslands, að hann fái honum í hendur skirteini, er veiti honum heimild til að nota þjóðernis- og skráningarskirteini sitt eftir sem áður, þangað til hann kemur í íslenzka höfn, þar sem rannsaka má, hvort skipi hafi verið svo breytt, að gefa þurfi út nýtt þjóðernisskirteini. Þó getur skirteini viðskiptafulltrúa ekki lengur gilt en tvö ár, nema sérstakt samþykki fjármálaráðuneytisins komi til.

14. gr.

Þjóðernis- og skráningarskirteini skal ávallt fylgja skipi, enda skal sýna það við tollgreiðslu skips samkvæmt kröfu yfirvalda og fyrirliða landvarnarskipa eða viðskiptafulltrúa landsins erlendis. Bannað er að rita nokkuð á skirteini eða breyta nokkru í því, nema lögreglustjóri, þar sem skip er skrásett, geri það, eða viðskiptafulltrúi landsins erlendis.

15. gr.

Nýtt þjóðernisskirteini skal gefa út í stað eldra, ef þess er krafizt, enda sé þá eldra skirteini skilað aftur um leið:

1. Ef nafni skips er breytt.
2. Ef viðskiptafulltrúi hefir gefið út þjóðernisskirteini til bráðabirgða. Rannsaka skal þá eftir þörfum öll atriði, er skráningu varða, svo sem í 7. sbr. 8. gr. segir.
3. Ef þjóðernisskirteini glatast. Nú glatast skirteini erlendis, og gefur þá viðskiptafulltrúi landsins þar út þjóðernisskirteini til bráðabirgða (sbr. 13. gr.), og skal þar frá því skýrt, hvers vegna skirteinið sé út gefið. Skal sá, er biður um skirteinið, gefa skýrslu um það, hvernig það hefir glatazt.
4. Ef skrásettu skipi er breytt svo, að það svarar ekki lengur til þess, er í þjóðernisskirteini þess stendur um það, hverskonar skip það sé, smálestatal þess eða lýsing að öðru stendur ekki heima, þá skal skrá skip af nýju, nema hallkvæmara þyki að skrá breytingarnar á skirteinið. Ef breyting er skráð á skirteini, sendir lögreglustjóri skráningarstofunni þegar skýrslu um það.
5. Ef aðili fer annars fram á að fá nýtt skirteini.
6. Ef skrásett skip tekur heimilisfang í öðru skráningarumdæmi. Aðili skýrir þá lögreglustjóra, þar sem skip var skráð, frá ósk sinni um flutninginn, en hann sendir lögreglustjóra á hinu nýja heimili skipsins skjölin, og verður skipið svo skrásett af nýju.

16. gr.

Ef eigendaskipti verða að skipi eða skipshluta, enda glati skip ekki fyrir það rétti til að sigla undir islenzkum fána, eða skipstjóraskipti verða, eða ef breyting verður á einhverjum þeirra atriða, sem skrásett eru samkvæmt 5. gr., þá ber eiganda eða eigendum, og ef eigendaskipti hafa orðið, bæði fyrrverandi og núverandi eiganda, að skýra lögreglustjóra, þar sem skip er skráð, frá því innan 4 vikna, ásamt sönnunum fyrir heimild sinni og þeim öðrum skilríkjum, sem nauðsyn er á, svo að skráin verði leiðrétt samkvæmt því.

Svo skal skrá breytingar á þjóðernis- og skráningarskirteini skipsins, nema út verði gefið nýtt skirteini.

Nú verða slíkar breytingar, sem hér segir, erlendis, og skal þá næsti viðskiptafulltrúi landsins rita þær á skirteinið og senda skráningarstofunni þegar skýrslu um þær.

Rétt er, að rannsókn samkvæmt 7. sbr. 8. gr. fari fram um öll þau atriði, er eigendaskipti eftir þessari grein varða.

17. gr.

Strika skal skip af skrá og skila skal lögreglustjóra þegar þjóðernisskirteini skips, ef þess er kostur, ásamt skriflegri skýrslu um atburði:

1. Ef skip ferst, er höggið upp eða ónýtt með öðrum hætti. Nú fer svo um skip erlendis, og skal þá skila viðskiptafulltrúa Íslands þar þjóðernisskirteini þess, en hann sendir það síðan skráningarstofunni ásamt skýrslu um atburði.
2. Ef skip eða skipshluti verður eign manns, félags eða stofnunar og fyrirgerir

þess vegna rétti til að nota íslenzkan fána. Er þá eiganda eða eigendum skylt, að sama hætti sem í 16. gr. segir, að skýra lögreglustjóra frá breytingunni innan 4 vikna frá því er hún varð. Ef eigendaskipti verða erlendis, ber skipstjóra eða eiganda að skýra næsta viðskiptafulltrúa Íslands frá þeim og skila honum skirteininu og öðrum skjölum skipsins, enda skal hann senda skráningarstofunni þau svo fljótt sem þess er kostur. Þar, sem enginn viðskiptafulltrúi er fyrir hönd Íslands, skal skipstjóri eða eigandi skips útvega vottorð embættismanns, er löggildur sé að þarlandslögum til þess að láta slík vottorð af hendi um breytinguna, og senda skjölin síðan skráningarstofunni. Nú verða eigendaskipti að skipi eða skipshluta vegna skipta á búi eða uppboðsölu, og skal þá skiptaráðandi eða uppboðshaldari, og ef breytingin varð erlendis, viðskiptafulltrúi landsins þar, gera það, sem með þarf.

3. Ef skip er dæmt óbætandi erlendis, þá skal enn svo með fara sem áður er sagt.

Nú er þjóðernisskirteini ekki skilað og skip er ena til, og skal þá ógilda skirteini með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

18. gr.

Lögreglustjóri skýrir skráningarstofunni jafnskjótt sem unnt er frá hverri breytingu, sem í 16. og 17. gr. segir.

Nú verður ágreiningur um rétt aðilja til að hafa skip áfram skráð á Íslandi, eða grunur kemur um það, að sá réttur sé glataður eða hafi aldrei verið til nema í orði kveðnu, og skal þá lögreglustjóri skýra skráningarstofunni frá því svo fljótt sem auðið er, enda fer um rannsókn þessa máls og úrskurð eins og 7., 8. og 10. gr. segir.

19. gr.

Ef eigandi æskir þess og sérstök ástæða er til þess, þá getur fjármálaráðuneytið veitt skipi, sem heima á hér á landi, leiðarbréf til þess að fara hér hafna á milli áður en það sé skrásett, enda hefir slíkt leiðarbréf sama gildi hér við land sem þjóðernis- og skrásetningarskirteini.

Ennfremur er fjármálaráðuneytinu rétt, að fenginni umsögn skráningarstofunnar, að veita skipi, ef nauðsyn ber til að það fari þegar til útlanda, þjóðernisskirteini til bráðabirgða til siglinga þangað, enda hafi skráningarstofan fengið í hendur skráningarskjöl skips, en þó brestur eitthvað á til þess, að skráning megi þegar fram fara. Í bráðabirgðaskirteini skal greina öll þau atriði, sem í 13. gr. 1.—5. tölul. getur. Bráðabirgðaskirteinið gildir ekki lengur en í 2 ár, en þó getur ráðuneytið langt frestinn, ef sérstakar ástæður hamla skráningu skipsins. Um leið og skip fær bráðabirgðaskirteini, skal marka á það smálestatal og skráningarstafi eftir 12. gr.

20. gr.

Lögreglustjóra er skylt að láta í té, gega 5 króna endurgjaldi fyrir hvert skip, ágrip úr skipaskrá. Skráningarstofan lætur og í té, með sömu skilyrðum, staðfest eftirrit af þjóðernis- og skrásetningarskirteinum og mælingarbréfum. Greina skal á eftirriti, hvers vegna það var af hendi látið.

21. gr.

Það varðar sektum, 100—200 kr. á hverja brúttó smálest skips:

1. Ef aðili, eða umboðsmaður hans, útvegar skráningu á skipi eða þjóðernis- og skráningarskirteini með visvitandi röngum skýrslum, enda þótt hann bresti skilyrði 1. gr. laga þessara til þess að láta skrá skipið hér.
2. Ef aðili, eða umboðsmaður hans, leynir eða vanrækir að skýra frá breytingum þeim á högum sínum eða sameigenda sinna, er valda missi þeirra skilyrða, er í 1. gr. segir.
3. Ef aðili, sem fengið hefir skip skráð með þeim hætti, sem í 1. tölul. segir, áður en lög þessi öðlast gildi, heldur áfram að hafa það á skrá hér eftir að löggin eru komin til framkvæmdar.

Nú hefir aðili, eða umboðsmaður hans, framið annað refsivert athæfi til þess að koma fram brotum þeim, er í 1.—3. tölul. greinar þessarar segir, svo sem skjalafals, og skal hann þá jafnframt sæta lögmaeltri refsingu fyrir það athæfi.

22. gr.

Það varðar 50—100 kr. sektum á hverja brúttó smálest skips, ef aðili, eða umboðsmaður hans, fremur nokkra þá athöfn, er miðar til að koma í framkvæmd þeim verknaði, er í 1. tölul. 21. gr. segir, en það tekst ekki.

Ákvæði síðustu málsg. 21. gr. eiga hér við.

23. gr.

Skip, ásamt veiðarfærum og afla, ef því er að skipta, er að veði til tryggingar sektum og málskostnaði vegna brota eftir 21. og 22. gr., enda má kyrrsetja veðið og selja síðan, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvorutveggja.

24. gr.

Ef aðili útvegar sér annars eða lætur útvega sér ranglega skráningu á skipi sínu, þjóðernis- og skráningarskirteini eða leiðarbréf (19. gr.), vanrækir skyldur sínar samkvæmt 2., 12., 13., 14., 15., 16. eða 17. gr. laga þessara eða brýtur þær með öðrum hætti, eða brýtur fyrirmaeli í reglugerð, er stjórnarvöld setja samkvæmt lögum þessum, þá varðar það sektum, allt að 2000 kr., enda liggi ekki þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

25. gr.

Taka má sektir eftir lögum þessum fjárnámi í húi hinna seku, enda ábyrgist eigandi skips eða eigendur, ef fleiri eiga skip en einn, allir fyrir einn og einn fyrir alla greiðslu sekta. Sama er um stjórnendur félaga og stofnana.

26. gr.

Fjármálaráðuneytið setur reglur um framkvæmd laga þessara, að því leyti, sem þess verður þörf og innan þeirra takmarka, sem í þeim eru sett.

27. gr.

Mál vegna brota á lögum þessum og reglum, settum samkvæmt 26. gr., skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

Sektir fyrir brot á lögum þessum og reglum þeim, er í 26. gr. segir, skulu renna í ríkissjóð.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1930, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 29, 27. júní 1925, um skráning skipa, og lög 14. júní 1929 um breytingu á þeim lögum.

Greinargerð.

Við framkvæmd laga nr. 29 frá 27. júní 1925 hefir komið í ljós, að æskilegt mundi vera að gera nokkrar breytingar á þeim, og því er frumvarp þetta fram komið. Aðalbreytingin, sem það hefir að flytja, er sú, að hin daglegu störf við skráningu skipa og endurskoðun skipamælinga, sem verið hefir að mestu aukastarf manna í fjármálaráðuneytinu, verði nú framkvæmd í skrifstofu skipaskoðunarstjóra.

Um aðrar breytingar verður sérstaklega getið við hverja grein frumvarpsins.

1. og 2. gr. eru óbreyttar.

Um 3. gr.

Aðalskráning skipa hefir farið fram í fjármálaráðuneytinu og að miklu leyti verið framkvæmd sem ígripa- og aukavinna. Þetta hefir gert það að verkum, að öll skráning skipa, bæði hér og á öðrum skráningarstöðum á landinu, er í mesta ólagi, enda varla við öðru að búast, þar sem menn svo vikum og jafnvel mánuðum skiptir komast ekki til að sinna skráningunni, vegna annara starfa.

Í nálægum löndum er skoðun og skráning skipa nú flutt saman í eina og sömu stofnun, enda málefnin mjög skyld.

Með þessu frumvarpi er hér farið fram á það sama og ætlazt til, að daglega sé unnið að skráningunni í skrifstofu skipaskoðunarstjóra, enda er það mikið starf að koma henni í viðunandi horf.

Í lögum nr. 58 frá 14. júní 1929 er skipaskoðunarstjóra gert að skyldu að fara eftirlitsferðir um landið, og er þá vel til fallið, að hann athugi þá einnig skráningu skipa hjá lögreglustjórum og leiðbeini í því efni.

Með því að koma skráningu og mælingu skipa í gott lag má gera ráð fyrir því, að lestagjald skipa komi réttlátara niður á skipaeigendur, og jafnvel að þær tekjur ríkissjóðs aukist frá því sem nú er.

Um fjárhagshlið þessa máls er það að segja, að þessi breyting mundi hafa tiltölulega litil aukin útgjöld fyrir ríkissjóð í för með sér, vegna þess að greitt hefir verið aukalega fyrir endurskoðun þeirra mælinga, sem framkvæmdar hafa

verið af skólastjóra stýrimannaskólans, og aukavinnu við dagleg störf við skráninguna. Þegar þessa er gætt, verður aukinn kostnaður lítill og aðallega í því fölginn, að sá maður, sem mest hefir að skráningunni unnið í fjármálaráðuneytinu, aðstoðar á skrásetningarstofunni sem svarar 2 kls. á dag. Aðra vinnu lætur skipaskoðunarstjóri vinna í skrifstofu sinni í venjulegum skrifstofutíma.

Um 4. gr.

Í þessari grein felst sú nýbreytni, að skipaskrárnar verði þrjár í stað tveggja.

Gildandi lög um skráningu skipa gera ekki ráð fyrir, að haldin sé skrá yfir skip og báta undir 12 rúmlestum, en þar sem þessi stærð skipa er mikill hluti fiskiflotans, þá virðist rétt, að þau einnig séu færð á skrá. Að vísu hefir þetta verið gert víða af lögreglustjórum, þó vantað hafi heimild til þess.

Önnur breyting er sú, að skráningarstofan heldur aðalskrá og efnisskrá í stað fjármálaráðuneytisins, en það hefir eins og áður úrskurðarvald um mælingu og skráningu skipa.

5. gr. er óbreytt.

Um 6. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir, að skráningarstofan geti leyft lögreglustjórum að gefa nýskráðu skipi umdæmistölu skips, sem strikað hefir verið út. Þessi heimild er ekki til í lögnum, en þykir rétt að hafa hana, til þess að framvegis verði ekki teknar upp eldri umdæmistölur í heimildarleysi.

Um 7. gr.

Það þykir rétt, að skráningarstofan hafi umboð ráðuneytisins í einstökum tilfellum til að undanþiggja menn framlögu skirteina, sem ómögulegt er að ná í, þegar annars enginn vafi er á heimild til skráningar.

Um 8. gr.

Í grein þessari felst sú breyting, að lögreglustjóri sendir skráningarstofunni, þegar vafamál um heimild til skráningar ber að höndum, öll skjöl samkvæmt 7. gr., og þegar svo skráningarstofan hefir rannsakað málið, sendir hún fjármálaráðuneytinu það ásamt unsögn sinni og öðrum skjölum, er málið snerta, til úrskurðar.

Um 9. gr.

Í stað orðsins „fjármálaráðuneytið“ kemur: skráningarstofan.

10. gr. er óbreytt.

Um 11. gr.

Þessi grein er að mestu óbreytt, því það þykir rétt, að fjármálaráðuneytið framvegis eins og áður gefi út þjóðernis- og skráningarskirteini fyrir öll skip, sem það eiga að hafa, sem eru öll skip, sem fara milli Íslands og annara landa, en skráningarstofan gefur út mælingarbréf handa skipum undir 30 rúmlestum.

Um aðrar greinar frumvarpsins þykir ekki þurfa að gera grein fyrir, því á þeim er engin breyting önnur en sú, að í stað orðsins „fjármálaráðuneytið“ kemur: skráningarstofan — að undanskildu því, þar sem talað er um útgáfu eða fram­lengingu á þjóðernis- og skráningarskirteinum, þá gerir ráðuneytið það.